

65. Wilhelmsen, Willy Peter, verkamaður í Keflavík, f. 11. okt. 1952 í Noregi.
66. Wilkinson, Bernard Stephen Wilmot, tónlistarkennari í Reykjavík, f. 14. mars 1951 í Englandi.
67. Young, Neville, málari í Keflavík, f. 17. maí 1945 í Englandi.
68. Zak, Marjan, verkamaður í Kópavogi, f. 18. júlí 1953 í Júgóslavíu.
69. Zarioh, Mohamed Hamadi, rafsuðumaður á Akureyri, f. 17. okt. 1950 í Marokkó.
70. Þórunn Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 22. jan. 1947 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

**um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til
að stofna fjölbrautaskóla.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný 7. gr. svohljóðandi (núverandi 7. gr. verður 8. gr.):

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa og um námskeiðsgjöld er skulu miðast við að standa undir allt að þriðjungi kennslulauna. Þó skulu námskeiðsgjöld vera hin sömu á öllu landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.